



Héraðsþing HSV 7. maí 2024

## 24. ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 7. maí 2024

### Haldið í Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði kl. 17:00

#### Dagskrá:

#### 1. Þingsetning.

Anton Helgi Guðjónsson, formaður HSV, setur þingið og býður gesti velkomna.

#### 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.

Anton leggur til að *Sigurður Jón Hreinsson* verði kjörinn 1. þingforseti. Var það samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn þingsins. Sigurður leggur til að *Gylfi Ólafsson* verði kjörin 2. þingforseti. Var það einnig samþykkt samhljóða.

#### 3. Kosning fyrsta og annars þingritara.

Sigurður leggur til að *Páll Janus Þórðarson* verði kjörinn 1. þingritari og *Axel Sveinsson* 2. þingritari. Er þetta samþykkt samhljóða.

#### 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Þingforseti kannar hvort að þing HSV löglega boðað, en þingfulltrúar gera engar athugasemdir við boðun þingsins og því haldið áfram og kosið í þriggja manna kjörbréfanefnd. Sigurður Jón Hreinsson leggur til að *Heba Dís Þrastardóttir*, *Elena Dís Víðisdóttir* og *Rannveig Hjaltadóttir* verði kosnar í kjörbréfanefnd. Nefndinni til aðstoðar er fyrrum framkvæmdastjóri HSV, *Dagný Finnbjörnsdóttir*.

Er þetta samþykkt samhljóða og tekur nefndin strax til starfa.

#### 5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Anton Helgi Guðjónsson flytur ávarp stjórnar:

*Þingforseti, kæru félagar, fulltrúi UMFÍ, fulltrúi ÍSÍ og aðrir gestir.*

*Ég býð ykkur velkomin á 24. ársþing HSV og flyt ykkur hér ávarp stjórnar.*

*Síðastliðið ár hefur verið verulega viðburðaríkt innan HSV, hvort sem það eru breytingar á starfsemi sambandsins eða árangur aðildarfélaga þess en aldrei hafa fleiri deildir verið innan HSV sem sýnir hversu mikið og öflugt íþróttastarf er í Ísafjarðarbæ.*



## Héraðsþing HSV 7. maí 2024

Í byrjun árs 2023 var ráðinn nýr yfirþjálfari íþróttaskóla. Hjördís Þráinsdóttir, starfandi formaður á þeim tíma, og Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, tóku viðtöl við umsækjendur um starfið og niðurstaðan var að ráða Daniel Osafu Badu, sem hefur staðið sig með stakri þrýði sem yfirþjálfari.

Eins og þið vitið þá var stórt verkefni sem beið nýrrar stjórnar HSV á síðasta ári, en það var endurnýjun á samstarfssamning HSV og Ísafjarðarbæjar. Eftir mikla vinnu milli allra aðildarfélaga HSV og Ísafjarðarbæjar var farin sú leið að leggja niður starf framkvæmdastjóra sambandsins og búa til nýtt stöðugildi innan Ísafjarðarbæjar. Í janúar á þessu ári var síðasti starfsdagur Dagnýjar Finnbjörnsdóttur sem framkvæmdastjóri HSV og tók hún við sem íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðarbæjar. Megin markmið samningsins eru að viðhalda öfluglu íþróttastarfi hér á svæðinu og að íþróttahreyfingin hafi greiðan aðgang að starfsfólki Ísafjarðarbæjar sem vinnur að íþrótt- og lýðheilsuárum.

Hefur Ísafjarðarbær komið á laggirnar samráðsfundum sem haldnir eru á tveggja vikna fresti með aðildarfélögum HSV og hafa þeir reynst mjög vel. Vill stjórn sérstaklega þakka aðildarfélögunum fyrir vinnuna að nýjum samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar.

Á síðasta ári var einnig unnið að miklu framfaraskrefi innan íþróttahreyfingarinnar á landsvísi, en ÍSÍ og UMFÍ ásamt stjórnvöldum unnu að því að móta svæðisskrifstofur íþróttahéraða um land allt. Er markmið svæðisskrifstofa að efla íþróttastarf um land allt og vinna að innleiðingu á stefnu og markmiðum íþróttahreyfingarinnar og stjórnvalda sem og til að bæta almennt umgjörð í kringum íþróttastarfið. Var þetta verkefni klárað nú í byrjun árs 2024 og búnar voru til 8 svæðisskrifstofur um land allt þar sem hvert svæði fær tvo starfsmenn til að vinna að þessum markmiðum. Guðný Stefania Stefánsdóttir vann að þessu verkefni fyrir hönd HSV og sendum við henni okkar bestu þakkir fyrir hennar vinnu í verkefninu.

Breytingar verða á stjórn HSV en flestir stjórnarmenn eiga að ganga úr stjórn samkvæmt lögum sambandsins. Anton Helgi Guðjónsson var kjörinn formaður HSV á ársþingi 2023 og gefur því miður ekki kost á sér áfram. Þarf því að kjósa nýjan formann á þinginu í ár. Ingibjörg Elín Magnúsdóttir og Páll Janus Þórðarson voru kjörin í aðalstjórn til tveggja ára á ársþingi 2023 og munu því sitja áfram í stjórn HSV. Aðrir í stjórn, þau Hjördís Þráinsdóttir, Axel Sveinsson, Eydís Rún Jónsdóttir, Magnús Þór Bjarnason og Sigurður Óli Rúnarsson eiga öll að ganga úr stjórn. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og framlag þeirra til HSV og aðildarfélaga þess.



Héraðsþing HSV 7. maí 2024

Stjórn HSV þakkar einnig starfsmönnum sambandsins þeim Daniel Badu og Dagnýju Finnbjörnsdóttur fyrir vel unnin störf á síðasta starfsári.

Stjórn HSV hefur fulla trú á því að öflug stjórn taki við keflinu og vinni áfram að uppbyggingu íþróttá hér á svæðinu. Fjöldmörg verkefni eru fyrir höndum með tilkomu nýs íþróttá- og æskulýðsfulltrúa sem og þau störf sem verða til með svæðisskrifstofum ÍSÍ og UMFÍ.

Að lokum vill stjórn þakka öllum sem hafa komið að íþróttastarfi hér á svæðinu kærlega fyrir þeirra óeigingjarna starf að stuðla að öfluggu og kraftmiklu íþróttalífi.

Fyrir hönd stjórnar HSV

Anton Helgi Guðjónsson, formaður

## 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

Hjördís Þráinsdóttir gjaldkeri HSV leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins. Reikningana má finna í ársskýrslunni á heimasíðu HSV. Lagðir fram sem þingskjal nr.1.

## 7. Ávörp gesta.

Fyrir hönd UMFÍ, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfaða.

Flytur kveðju frá stjórn og starfsfólki UMFÍ.

Hvetur aðildarfélag að halda áfram að ganga í takt. ÍSÍ og UMFÍ fara í meira samstarf í náinni framtíð og ræðir breytingar á íþróttahéröðum. Tillaga um svæðastöðvar. Horfir til þess að þær styrki héraðssamböndin. Jaðarsvæðin verði færri. Málið er komið langt á veg. Stjórnvöld og menntamálaráðherrar taka þátt í umræðum. Þetta mun skýra verkefni héraðsambanda. Allt höfuðborgarsvæðið er komið undir UMFÍ en einungis er ÍBV utan UMFÍ.

Að lokum hvetur UMFÍ opna dyrnar fyrir ný íþróttafélög og þátttöku á unglingslandsmóti og 50 ára og eldri.

## 8. Álit kjörbréfanefndar.

Heba Dís Þrastardóttir tilkynnir álit kjörbréfanefndar.

Félag	Fjöldi félagsmanna 18 ára og eldri	Fjöldi fulltrúa	Mættir fulltrúar	Skýrsla
G.Í.	186	3	0	X

<b>Geisli</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	
<b>Gláma</b>	<b>5</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	
<b>Grettir</b>	<b>34</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>X</b>
<b>Hending</b>	<b>116</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>X</b>
<b>Höfrungur</b>	<b>323</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>X</b>
<b>Hörður</b>	<b>330</b>	<b>6</b>	<b>1</b>	
<b>Ívar</b>	<b>48</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>X</b>
<b>Kubbi</b>	<b>58</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>X</b>
<b>SFÍ</b>	<b>670</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>X</b>
<b>Skotfélag</b>	<b>231</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>X</b>
<b>Stefnir</b>	<b>64</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>X</b>
<b>Stormur</b>	<b>53</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	
<b>Sæfari</b>	<b>86</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	
<b>TBÍ*</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	
<b>Vestri</b>	<b>1703</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>X</b>
<b>Klifurfélag</b>	<b>25</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>X</b>
	<b>3932</b>	<b>47</b>	<b>27</b>	

\*Félög sem ekki hafa skilað inn starfs- og ársskýrslum og hafa ekki atkvæðisrétt á þingi.

## 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Engar nýjar umsóknir aðildar nýrra félaga.

## 10. Umræður um skýrslu stjórnar.

Þingforseti leggur til að umræða skýrslu stjórnar og reikningar verði rætt saman. Var það samþykkt samhljóða.

## 11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga og skýrslu stjórnar.

Finnur Magnússon – Ræðir ritvillu í ársskýrslu HSV, vekur athyggli á að nafn eins aðildarfélags sé rangt skrifað. Í ársskýrslunni stendur skrifað Íþróttafélagið Kubbi, en félagið heiti Kubbi Íþróttafélag eldri borgara.

Fleiri vildu ekki kveða sér hljóðs um skýrslu stjórnar og er hún því borin upp til afgreiðslu.

**Samþykkt samhljóða.**

Enginn kvað sér hljóðs um ársreikning og er hann borinn upp til samþykktar.  
**Samþykktur samhljóða.**

**12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu:**

Þingforseti leggur til að eftirfarandi aðilar stýri starfi upptalinna nefnda, þingfulltrúar velji að öðru leiti í hvaða nefnd þeir starfa.

**Fjárhagsnefnd:** Magnús Þór Baldursson formaður, Axel Sveinsson ritari

**Allsherjarnefnd:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður og Páll Janus Þórðarson ritari

Þar sem ekki liggja fyrir tillögur um lagabreytingar er ekki skipað í laganefnd.

Ekki bárust aðrar tillögur um nefndarskipan og var tillagan samþykkt.

**13. Fjárhagsáætlun lögð fram.**

*Hjördís Þráinsdóttir* leggur fram fjárhagsáætlun HSV fyrir árið 2024.

Þingforseti vísar tillögu frá stjórn HSV að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 til fjárhagsnefndar, sem þingskjali nr. 1. Áætlunina má finna aftast í þinggerðinni sem viðauka 1.

**14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.**

Engar tillögur að laga- eða reglugerðarbreytingum bárust fyrir þingið.

**15. Aðrar tillögur lagðar fram**

*Hjördís Þráinsdóttir* leggur fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd stjórnar HSV:

**Þakkartillaga**

*24. ársþing HSV haldið á Ísafirði 7. maí 2024, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:*

*- Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþrótt- og tómstundanefnd þakkir fyrir stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.*

*- Bæjarstjórn Bolungarvíkur þakkir fyrir gott samstarf og afnot aðildarféлага HSV að íþróttamannvirkjum í Bolungarvík.*

*- Starfsmönnum íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur fyrir gott samstarf og þjónustu við iðkendur aðildarféлага HSV.*

*- Starfsmönnum í Stöðinni Heilsurækt þjálfurum fyrir gott samstarf um afreksform HSV, styrktarþjálfun fyrir unglunga.*



## Héraðsþing HSV 7. maí 2024

- Háskólasetrinu fyrir afnot af fundaraðstöðu vegna formannafunda.
- Aðildarfélögum HSV þakkað fyrir góða þátttöku í undirbúningu og vinnu við nýjan samstarfssamning.

Vísað til Allsherjarnefndar sem þingskjal nr. 2.

Hjördís Práinsdóttir leggur fram eftirfarandi tillögu fyrir hönd stjórnar HSV:

### **Hvatningatillaga**

24. ársþing HSV haldið á Ísafirði 7. maí 2024, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum hvatningarkveðju:

-Til Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurbrepps og Bolungarvíkur um að styðja áfram dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf.

-Til aðildarfélaga sambandsins um að beita sér af alefli gegn allri tóbaksnotkun og annarri notkun fíkniefna hjá félagsmönnum sínum. Sérstaklega hjá iðkendum og þjálfurum. Á meðan að það er vöntun á rannsóknum á skaðsemi rafsigarettu ætti að takmarka notkun þeirra við sömu svæði og reykingar.

Vísað til Allsherjarnefndar sem þingskjal nr. 3.

Þingforseti óskar eftir að 2. Þingforseta taki við stjórn fundarins.

2. Þingforseti, Gylfi Ólafsson tekur við stjórn fundarins.

Gylfi opnar mælendaskrá .

Sigurður Hreinsson tekur til mál og leggur fram eftirfarandi tillögu:

### **Ályktun gegn þjóðarmorði**

Í Palestínu hefur verið ófriður síðastliðin 70 ár. Milljónir Palestínumanna hefur verið hrakinn frá heimilum sínum og eignir þeirra ýmist verið eyðilagðar eða færðar öðrum.

Palestína er hertekið land og íbúar landsins hafa verið ofsóttir af landtökufólki, með gíslatöku, misþyrmingum, eignaspjöllum eða morðum. Og heimsbyggðin horfir í hina áttina.

Í sameiginlegu ákalli frá UNICEF á Íslandi, Hjálparstarfs kirkjunnar, ABC barnahjálpar, Rauða kross Íslands, UN Women Ísland og Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, til íslenskra stjórnvalda segir ma: „Stríðið á Gaza er stríð gegn börnum, enginn staður í heiminum er þeim jafn hættulegur. Næringarskortur blasir við, vatnsskortur er nær alger og farsóttir yfirvofandi. Samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum eiga almennir borgarar alltaf rétt á mannúðaraðstoð og vernd í vopnuðum átökum en öllum er ljóst að þessu er ekki fyrir að fara. Stríðandi fylkingar virða í engu mannréttindi íbúa svæðisins og líf þeirra mun aldrei verða samt aftur, lífi þeir af. Eyðileggingin á Gaza er alger og hvergi er skjól fyrir almenna borgara.“

SH  
AM



## Héraðsþing HSV 7. maí 2024

Undanfarna 200 daga hefur verið staðfest að Ísraelsmenn hafa drepið 42.500 manns sem gerir 212 almenna borgara á dag. Af þessum hópi eru 14 þúsund börn undir 16 ára. Að auki hafa Ísraelsmenn limlest yfir 70 þúsund manns.

Ísraelsmenn hafa lagt í rúst alla spítala á Gaza og drepið vel á fjórða hundrað lækna eða hjúkrunarfólk. Ísraelsmenn hafa drepið upb 200 fjölmiðlamenn, 224 hjálparstarfsmenn og yfir 40 löggæslumenn.

Með kerfisbundnum hætti hafa Ísraelsmenn eyðilagt alla háskóla á Gaza og yfir 70% af öðrum innviðum svæðisins. Og vegna aðgerða Ísraelsmanna eru 90% af íbúum Gaza á flóttu.

Markvisst hafa Ísraelsmenn hindrað aðkomu hjálparstarfsmanna og hjálpargagna inn á svæðið og eru vísvitandi að nota hungur sem vopn.

Í framhaldi af kæru Suður-Afríku telur Alþjóðadómstóllinn líkur á að aðgerðir Ísraelsmanna síðustu mánuði geti flokkast sem þjóðarmorð á palestínsku þjóðinni og mun hefja meðferð á málinu á þeim forsendum.

Árþing HSV 2024 telur að heimssamfélagið ætti að vera löngu búinn að grípa inn í þessa atburðarás með öflugum refsiaðgerðum gegn Ísrael, með sama hætti og gegn Rússlandi og Belarus vegna árásar þeirra fyrrnefndu inn í Úkraínu fyrir tveimur árum.

Þingið harmar afstöðuleysi íþróttahreifingarinnar, bæði á Íslandi sem og í Evrópu, til áður nefndra voðaverka ísraelsmanna og krefst þess að ísraelskir íþróttamenn fái samskonar útilokun frá alþjóðaviðburðum og þeir rússnesku.

Áframhaldandi afstöðuleysi íþróttahreifingarinnar getur í besta falli talist hræsni en í versta falli kynþáttafordómar og meðsekt í þjóðarmorði.

2. Þingforseti tekur til máls og vísar framlagðri tillögu til Allsherjarnefndar sem þingskjali nr. 4.

Að svo búnu færir 2. Þingforseti 1. Þingforseta aftur stjórn fundarins.

Anton Helgi Guðjónsson formaður HSV leggur fram tillögu til umfjöllunar á þinginu, en um er að ræða hugmynd að reglugerðarbreytingu sem kann að vera lögð fyrir næsta árþing. Tillagan fjallar um skiptingu lottótekna og er svohljóðandi:

*Reglur um skiptingu lottótekna innan HSV*

1. grein – Skipting lottótekna HSV

*Af heildinni fara:*

- 15% til HSV
- 10% í Afreksmannasjóð HSV
- 75% til aðildarféлага

2. grein – Skipting lottótekna til aðildarféлага HSV

Héraðsþing HSV 7. maí 2024

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngri en 18 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 18 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Tölur yfir iðkendur og félagsmenn miðast við síðustu starfsskýrsluskil á undan.

3. grein – Skilyrði fyrir úthlutun

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði til að félag geti fengið úthlutað lottói:

1. Skila verður starfsskýrslu, þ.m.t. ársreikningi og félagatali, til ÍSÍ og UMFÍ eigi síðar en á útgefnum skiladegi.
2. Halda verður aðalfund í félaginu og skila fundargerð inn til HSV fyrir ársþing HSV hvert ár.
3. Félagið verður að senda a.m.k. helming þeirra fulltrúa sem það á rétt á á ársþing HSV.

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna 30% til afreksmannasjóðs HSV og 70% í búnaðarsjóð HSV. Að auki getur ársþing HSV tekið ákvörðun um að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að vika félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

4. grein – Ný aðildarfélög

Ný aðildarfélög HSV fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og að liðin séu a.m.k. tvö ár frá inngöngu þeirra.

5. grein – Um úthlutun

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Tillögunni vísað til fjárhagsnefndar sem þingskjal nr. 5.

Engar frekari tillögur lagðar fram.

**Hlé gert á þingstörfum – veitingar í boði og afhending viðurkenninga fer fram.**

Tilnefningar til starfsmerkja HSV

#### Silfurmerki HSV

Skotíþróttafélag Ísafjarðar tilnefnir Leif Bremnes, með eftirfarandi umsögn:

**Leifur Bremnes** hefur unnið gífulega mikið sjálfbóðaliðastarf hjá félaginu.

Núna þegar við erum að byggja við okkar aðstöðu, hefur Leifur notað allan sinn frítíma í að vinna við framkvæmdina.

Svona menn eru ótrúlega dýrmætir fyrir félögin.

#### Gullmerki HSV

Skíðafélag Ísfirðinga tilnefnir þær Þórunni Pálsdóttir og Jóhönnu Oddsdóttir, með eftirfarandi umsögunum:

**Þórunn Pálsdóttir** hefur átt langa samleið með Skíðafélagi Ísfirðinga og hefur hún komið víða við í starfi félagsins. Hún byrjaði sem iðkandi í alpagreinum og keppti fyrir hönd félagsins á fjölmörgum mótum með góðum árangri. Síðar kom hún sterk inn í starf félagsins sem foreldri og fór meðal annars í æfinga- og keppnisferðir sem farastjóri. Víst er að enginn var svikinn um ást og umhyggju í þeim ferðum. Einnig var Þórunn gjaldkeri í stjórn SFÍ um nokkurra ára skeið.

Þórunn er einn af þessum sterku póstum sem Skíðafélagið byggir starf sitt á. Þó hún eigi ekki lengur iðkendur í félaginu er hún alltaf tilbúin að leggja fram vinnu hvort sem það er bakstur, aðstoð við þjálfun, vinna við mót eða hvað annað sem félagið tekur sér fyrir hendur. Nú síðasta áratuginn og ríflega það hefur Þórunn haft umsjón með Skíðaskálanum í Tungudal. Þar eru mörg handtökin sem þarf að vinna: Sjá um bókanir, skipta um á rúmum, þrifa, sinna þvotti, kaupa inn og passa upp á viðhald svo nokkuð sé nefnt. Þetta hefur Þórunn unnið í sjálfbóðavinnu og þar með bæði sparað félaginu útgjöld og aflað því tekna.

Skíðafélag Ísfirðinga þakkar af heilum hug Þórunni fyrir hennar framlag, það er ómetanlegt að eiga svona liðsmann.

**Jóhanna Oddsdóttir** hefur verið viðloðandi skíðaiþróttina allt frá blautu barnsbeini enda fædd inn í eina þekktustu skíðacætt Ísfirðinga. Grænagarðsættina. Hún hefur um áratugaskeið verið ein af driffjöðrunum í starfi Skíðafélags Ísfirðinga.

Allir sem starfa að félagsmálum vita að án öflugra sjálfbóðaliða getur ekkert félag lifað til lengdar. Og það finnst varla öflugri sjálfbóðaliðar en Jóhanna Oddsdóttir. Hvænar sem þörf er á dugandi fólki til vinnu á Seljalandsdalnum er Jóhanna mætt fyrst allra, gjarnan með hann Nonna sinn með sér, og vinnur eins



## Héraðsþing HSV 7. maí 2024

*og sleggja uns verkefið hefur verið klárað. Gildir þá einu hvort um er að ræða uppsetningu á snjógirðingum, vinnu við mótahald, tiltekt í skálanum eða eitthvað annað. Alltaf má stóla á Jóhönnu. Hún hefur líka um árabil stýrt af röggsemi einu stærsta kaffihlaðborði á Íslandi, Fossavatnskaffinu og setið í ritnefnd Skíðablaðsins í ótal mörg. Jóhanna hefur setið í stjórn skíðafélagsins og sinnt formennsku í mörg ár og skilið eftir sig gott verk. Ef skíðafélagið þarf á fólki að halda þá mætir Jóhanna. Ekki má heldur gleyma hlutverki hennar sem skíðamma, því hún lagði Skíðafélagi Ísfirðinga til einn besta skíðagöngumann landsins undanfarin ár, Albert Jónsson.*

*Það er ótrúlega dýrmætt fyrir Skíðafélagið, og fyrir íþróttahreyfinguna, að eiga bandamenn eins og Jóhönnu Oddsdóttur. Jóhanna hlaut silfurmerki HSV árið 2018 og nú er komið að því að stíga skrefið til fulls og veita henni sjálft gullmerkið.*

### **16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.**

Nefndir vinna sín störf undir stjórn formanna nefnda.

### **17. Afgreiðsla á álitum nefnda.**

#### **Fjárhagsnefnd:**

Formaður nefndarinnar, Magnús Þór Bjarnason, mælir fyrir tillögum sem nefndin fékk til umfjöllunar:

#### **Þingskjal nr. 1.**

Samþykkt án breytinga í nefndinni og því lagt fram á sama númeri.

Tillagan borin upp til atkvæða á þinginu.

**Samþykkt.**

#### **Þingskjal nr. 5.**

Umsögn nefndar um hugsanlega reglugerðarbreytingu næsta árs. Niðurstaða nefndar er að málið fái frekari umfjöllun hjá nýrri stjórn og að mögulega þurfi að endurskoða hlutföll á lottógreiðslum til HSV annarsvegar og aðildarfélaga hinsvegar.

Mikil óvissa er uppi núna um rekstur HSV vegna breyttra verkaskiptinga HSV og Ísafjarðarbæjar. Nefndin væntir þess að tillögur að breyttum lottógreiðslum verði

lagðar fram á ársþingi vorið 2025, þá í ljósi fenginnar reynslu af nýju fyrirkomulagi verkefna HSV og þörf sambandsins á rekstrarfé.

Umsögnin lögð fram sem **þingskjal nr. 6.**

Umsögnin borin upp til atkvæða á þinginu.

**Samþykkt.**

### **Allsherjarnefnd**

Formaður nefndarinnar, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, mælir fyrir tillögum sem nefndin fékk til umfjöllunar.

### **Þingskjal nr. 2.**

Þakkartillaga. Samþykkt með minniháttar orðalagsbreytingum úr nefnd. Lagt fram í breyttri mynd sem **þingskjal nr. 7.**

### **Þakkartillaga frá stjórn HSV**

*24. ársþing HSV haldið á Ísafirði 7. maí 2024, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:*

- Ísafjarðarbæ, bæjarstjórn og íþrótt- og tómstundanefnd þakkir fyrir stuðning við HSV á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.*
- Bæjarstjórn Bolungarvíkur þakkir fyrir gott samstarf og afnot aðildarféлага HSV að íþróttamannvirkjum í Bolungarvík.*
- Starfsmönnum íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur fyrir gott samstarf og þjónustu við iðkendur aðildarféлага HSV.*
- Starfsmönnum í Stöðinni Heilsurækt þjálfurum fyrir gott samstarf um afreksform HSV, styrktarþjálfun fyrir unglunga.*
- Háskólasetrinu fyrir afnot af fundaraðstöðu vegna formannafunda.*
- Aðildarfélögum HSV þakkað fyrir góða þátttöku við undirbúning og vinnu við nýjan samstarfssamning.*

**Samþykkt samhljóma.**

### **Þingskjal nr. 3.**

Hvatningartillaga. Samþykkt með breytingum úr nefnd, orðalag varðandi banni á fikni- og vímugjöfum við íþróttamannvirki. Lagt fram í breyttri mynd sem **þingskjal nr. 8.**

### **Hvatningartillaga frá stjórn HSV.**

*24. ársþing HSV haldið á Ísafirði 7. maí 2024, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum hvatningarkveðju:*

- Til Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkur um að styðja áfram dyggilega við íþrótt- og æskulýðsstarf.*

stt  
-75 A/K

Héraðsþing HSV 7. maí 2024

*-Til aðildarféлага sambandsins um að beita sér af alefli gegn allri tóbaksnotkun og annarri notkun vímugjafa hjá félagsmönnum sínum, sérstaklega hjá iðkendum og þjálfurum. Einnig hvetja aðildarfélög HSV til að takmarka alla notkun þeirra í og við íþróttamannvirki og starfssvæði.*

*-Til Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurbrepps og Bolungarvíkur um að setja upp viðeigandi merkingar þar sem notkun tóbaks og annarra vímugjafa eru bönnuð, í og við íþróttamannvirki og starfssvæði íþróttafélaga.*

**Samþykkt samhljóma.**

#### **Þingskjal nr. 4.**

Ályktun gegn þjóðarmorði. Samþykkt með orðalagsbreytingum úr nefnd. Lagt fram í breyttri mynd sem **þingskjal nr. 9.**

#### **Ályktun gegn þjóðarmorði**

*Í Palestínu hefur verið ófriður síðastliðin 70 ár. Milljónir Palestínumanna hefur verið hrakinn frá heimilum sínum og eignir þeirra ýmist verið eyðilagðar eða færðar öðrum.*

*Palestína er hertekið land og íbúar landsins hafa verið ofsóttir af landtökufólki, með gíslatöku, misþyrmingum, eignaspjöllum eða morðum. Og heimsbyggðin horfir í hina áttina.*

*Í sameiginlegu ákalli frá UNICEF á Íslandi, Hjálparstarfs kirkjunnar, ABC barnahjálpar, Rauða Kross Íslands, UN-Women Ísland og Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, til íslenskra stjórnvalda segir m.a.: „Stríðið á Gaza er stríð gegn börnum, enginn staður í heiminum er þeim jafn hættulegur. Næringarskortur blasir við, vatnsskortur er nær alger og farsóttir yfirvofandi. Samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum eiga almennir borgarar alltaf rétt á mannúðaraðstoð og vernd í vopnuðum átökum en öllum er ljóst að þessu er ekki fyrir að fara. Stríðandi fylkingar virða í engu mannréttindi íbúa svæðisins og líf þeirra mun aldrei verða samt aftur, lífi þeir af. Eyðileggingin á Gaza er alger og hvergi er skjól fyrir almenna borgara.“ Undanfarna 200 daga hefur verið staðfest að Ísraelsmenn hafa drepið 42.500 manns sem gerir 212 almenna borgara á dag. Af þessum hópi eru 14 þúsund börn undir 16 ára. Að auki hafa Ísraelsmenn limlest yfir 70 þúsund manns.*

*Ísraelsmenn hafa lagt í rúst alla spítala á Gaza og drepið vel á fjórða hundrað lækna eða hjúkrunarfólk.*

*Ísraelsmenn hafa drepið u.þ.b. 200 fjölmiðlamenn, 224 hjálparstarfsmenn og yfir 40 löggæslumenn.*

*Með kerfisbundnum hætti hafa Ísraelsmenn eyðilagt alla háskóla á Gaza og yfir 70% af öðrum innviðum svæðisins. Og vegna aðgerða Ísraelsmanna eru 90% af íbúum Gaza á flótta.*

5H  
Hllr



## Héraðsþing HSV 7. maí 2024

*Markvisst hafa Ísraelsmenn hindrað aðkomu hjálparstarfsmanna og hjálpargagna inn á svæðið og eru vísvitandi að nota hungur sem vopn.*

*Í framhaldi af kæru Suður-Afríku telur Alþjóðadómstóllinn líkur á að aðgerðir Ísraelsmanna síðustu mánuði geti flokkast sem þjóðarmorð á palestínsku þjóðinni og mun hefja meðferð á málinu á þeim forsendum.*

*Ársþing HSV 2024 telur að heimssamfélagið ætti að vera löngu búinn að grípa inn í þessa atburðarás með öflugum refsiaðgerðum gegn Ísrael, með sama hætti og gegn Rússlandi og Belarus vegna árásar þeirra fyrrnefndu inn í Úkraínu fyrir tveimur árum.*

*Þingið harmar afstöðuleysi íþróttahreyfingarinnar, bæði á Íslandi sem og í Evrópu, til áður nefndra voðaverka Ísraelsmanna og krefst þess að ísraelskir íþróttamenn fái samskonar útilokun frá alþjóðaviðburðum og þeir rússnesku.*

*Aframhaldandi afstöðuleysi íþróttahreyfingarinnar getur í besta falli talist hræsni en í versta falli kynþáttafordómar og meðsekt í þjóðarmorði.*

**Samþykkt samhljóma.**

### 18. Önnur mál.

Þingforseti gefur orðið laust:

Guðný Stefanía Stefánsdóttir.

Segist finna fyrir fjarveru Marinós Hákonarsonar og að umræður á þinginu séu töluvert minni fyrir vikið. Hún lýsir yfir áhyggjum að framtíð og starfi HSV.

Aðildarfélög og aðrir sem koma að starfi íþróttafélaga þurfi að halda vel á spöðunum á komandi misserum því endurnýjun sjálfboðaliða sé of lítil. Starfið í félögunum lendir ávalt á sama fólkinu. Ekki sé nóg að einblína einungis á að finna nýja menn til að sitja í stjórnnum, það vantar meiri almenna þáttöku í starfinu í hreifingunni. Hvetur aðildarfélög að taka umræðuna á fundum um hvernig sé hægt að vinna betur saman og finna lausn á þessari þróun.

Heiðar Ingi Marinósson .

Þakkar Guðnýju fyrir hennar orð. Heiðar minnst þess þegar hann var iðkandi á sundmótum. Þá keppir hann undir fána HSV. Þá var ákveðið að sýna samstöðu og vinna saman. En sárnar að þessi samstaða sé að tynast. Hann sé þó ánægður að það sé smá sameining, að Vestri sé til staðar sem nær yfir fleiri íþróttagreinar. Hann hvetur að auka samvinnuna við litlu félögin í minni byggðarkjörnunum.

Finnur Magnússon



## Héraðsþing HSV 7. maí 2024

Hann minnr fundargesti á að mál Guðnýjar hafi verið rætt á Ársþingi árið áður. Finnur minnr gesti á að það hafi verið samþykkt lagabreyting á síðasta ársþingi um að skipa uppstillingarnefnd sem hefði átt að sjá um það að manna stjórnir án vandræða og vill vita hvað varð um þessa tillögu, hvort þetta hafi ekki verið gert.

Anton Helgi

Anton tekur undir þau mál sem þegar hafa borið á góma. HSV hafi haldið formannafund í aðdraganda ársþings. Þar hafi formönnum verið gerið grein fyrir að útlit væri fyrir að vandamál yrði að manna stjórnir. Þá nefnir hann að til þess að uppstillingarnefnd geti verið starfandi hefði hún átt að verið skipuð á síðasta ársþingi, en þá hafi lagabreytingin fyrst verið samþykkt. HSV hafi leitað til aðildarfélaganna á formannafundum. Hann spyr fundargesti að því, ef HSV getur ekki leitað til félaganna, hvert getur HSV þá leitað.

Guðný Stefanía

Hún spyr: Var þá lagabreyting í fyrra? Hún fær svar úr sal (Hjördís). Að lagabreytingin hafi verið samþykkt á síðasta þingi.

Anton Helgi

Hann tiltekur að samkvæmt 18. grein, þá sjái nefndin um að ræða við fólk og að tryggja nægjanlegt framboð af einstaklingum í stjórn.

Gylfi Ólafs.

Honum langar varpa öðru ljósi á umræðuna. Ípróttalífið sé blómlegt. Þrátt fyrir vandræði við að manna stjórn. Iðkendur aðildarfélaganna séu margir þótt svæðið sé smátt en starfið sé mikið. SFÍ sé td. í miklum blóma þar sem hann starfar, jafmt hjá yngri iðkendum sem þeim eldri. Meistaraflokkar í knattspyrnu séu í hæstu hæðum þar sem ný stofnaður meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu sé gleði efni og karla liðið sé í efstu deild Íslandsmótsins, Bestu deild. Ef það vanti í uppstillingarnefnd býður hann sig fram í það starf.

Ekki óskuðu fleiri eftir því að fá að taka til máls.

### 19. Kosningar.

#### a. Kosning formanns.

Engin hefur tilkynnt framboð til formanns.

SH  
MLK

Fyrir liggur að ekki er heldur nægjanlegt framboð af öðrum stjórnarmönnum til að manna stjórn.

Þingforseti leggur til að liður a.-f. í dagskrá þingsins verði frestar um tvær vikur á meðan Uppstillingarnefnd vinnur að mönnun í nýja stjórna.

**Þingforseti gefur orðið laust um þessa tillögu.**

Guðný Stefanía

Hvetur gesti til að hjálpast að í þeirri vinnu að manna stjórn.

Sigmundur Þórðarson

Tekur undir orð fyrri ræðamenn. Sigmundur forvitnast jafnframt um hvað nýju svæðisstarfsmennirnir munu vinna að. Muni þeir taka að sér vinnu fyrir félögin eins og td. skýrslugerð, vinna sér á bát á sinni skrifstofu eða geti þeir unnið með aðildarfélögum að sameiningu svæðisins, félaga eða sambanda.

Ekki er kosið um tillögu þingforseta um frestun þings, þar sem annar möguleiki er ekki í boði. Þingi haldið áfram samkvæmt dagskrá, tekinn fyrir síðasta atriðið undir liðnum kosningar.

**g. Kosning þriggja manna í Uppstillingarnefnd.**

Þingforseti leggur fram tillögu þess efnis að Anton Helgi Guðjónsson, Gylfi Ólafsson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir skipi nefndina.

**Samþykkt með lófataki.**

**20. Frestun á þingi.**

Anton Helgi fráfarandi formaður stjórnar HSV tilkynnir frestun á þingi. Hann hvetur þingfulltrúa til að vera í sambandi við uppstillingarnefndar.

Hann boðar til framhaldsþings 21. Maí 2024 klukkan 17:00, á sama stað, í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á 4.hæð



Héraðsþing HSV 7. maí 2024

**Framhalds-ársþing Héraðssambands Vestfirðinga 21. maí 2024**  
**Haldið í Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði kl. 17:00**

Anton Helgi Guðjónsson formaður HSV setur framhaldsársþing HSV og leggur til að hann sjái sjálfur um fundarstjórn.

**Samþykkt samhljóða.**

Dagskrá þessa framhalds-ársþings er eftirfarandi:

- a. Kosning formanns.
- b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
- c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
- d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
- e. Kosning til íþróttabings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttabing er haldið.
- f. Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið

**a. Kosning formanns.**

Uppstillingarnefnd leggur til Sigurð Jón Hreinsson til formanns

**Samþykkt með lófataki**

**b. Kosning tveggja stjórnarmanna til 2 ára.**

Uppstillingarnefnd leggur til þá:

Magnús Þór Bjarnason og Hafsteinn Már Andersen

**Samþykkt með lófataki**

Fyrir í stjórn HSV, kjörin árið 2023 til tveggja ára eru þau:

Ingibjörg Elín Magnúsdóttir og Páll Janus Þórðarson

**c. Kosning þriggja manna í varastjórn til 1 árs.**

Á ársþingi 2023 voru eftirfarandi einstaklingar kjörnir í varastjórn: Sigurður Óli Rúnarsson, Magnús Þór Bjarnason og Eydís Rún Jónsdóttir. Ekkert þeirra gefur kost á sér áfram í varastjórn.

Uppstillingarnefnd leggur til Axel Sveinsson, Anton Helgi Guðjónsson og Sif Huld Albertsdóttir í varastjórn.

**Samþykkt með lófataki.**

STH  
AKU

**d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

Uppstillingarnefnd leggur til Neil Shiran Þórisson og Ásgerði Þorleifsdóttur sem aðalmenn og Hjördísi Þráinsdóttur og Gylfa Ólafsson sem varamenn.

**Samþykkt með lófataki.**

**e. Kosning þriggja stjórnarmanna Afreksmannasjóðs HSV.**

Uppstillingarnefnd leggur til Guðný Stefaníu Stefánsdóttur, Sigríði Láru Gunnlaugsdóttur og Atla Frey Rúnarsson sem aðalmenn. Sem varamenn, þau Gísla Jón Hjaltason og Salome Elín Ingólfssdóttur.

**Samþykkt með lófataki.**

**f. Kosning þriggja stjórnarmanna Styrktarsjóðs þjálfara HSV.**

Uppstillingarnefnd leggur til Ester Ósk Arnórsdóttur, Andreu Gylfadóttur og Kristján Þór Kristjánsson sem aðalmenn og sem varamenn þær Hildi Elísabet Pétursdóttur og Heiðrúnu Tryggvadóttur.

**Samþykkt með lófataki.**

**g. Kosning til íþróttapings ÍSÍ**

Íþróttaping ÍSÍ verður næst haldið vorið 2025. Vísað til stjórnar að skipa fulltrúa á þingið.

**h. Kosning til sambandsþings UMFÍ**

Næsta sambandsþing UMFÍ verður haldið í október eða nóvember 2025. Því er ekki tímabært að fjalla um mögulegann fulltrúa á þingið.

**i. Kosning í uppstillingarnefnd**

Uppstillingarnefnd var kjörin á fyrri hluta ársþingsins, þann 7 maí. Sú nefnd mun starfa áfram í aðdraganda ársþing vorið 2025.

**21. Þingslit.**

Anton Helgi Guðjónsson þingforseti þakkar fyrir þingið, þakkar gestum fyrir komuna og felur Sigurði Jóni Hreinssyni nýkjörnum formanni, að slíta þingi. Sigurður þakkar þingfulltrúum fyrir gott þing. Áhugaverðir tímar eru framundan í tilveru HSV og að mikilvægastu verk nýrrar stjórnar er líklega að finna skýra mynd af stefnu sambandsins í heild sinni og hver verkefni þess eiga að vera til



*Héraðsþing HSV 7. maí 2024*

framtíðar, í ljósi breyttra verkaskiptinga á mótí Ísafjarðarbæ sem og nýrra starfa í svæðisstöðvum ÍSÍ og UMFÍ.

Þá er starfsmönnum þingsins þakkað fyrir þeirra vinnu.

Að því sögðu lýsir formaður því yfir að 24. héraðsþingi HSV sé slitið.

Þingslit kl. 17:18, 21. Maí 2024

Anna Helga Guðjónsson  
Sigríður Arnalds  
Axel Guðjónsson

## Héraðsþing HSV 7. maí 2024

### Viðauki 1.

TEKJUR	Raun 2022	Áætlun 2023	Raun 2023	Áætlun 2024
Íþróttaskóli 1-4 bekk .....	13.690.371	14.500.000	12.472.363	5.196.795
Rekstrartekjur frá Ísafjarðarbæ .....	14.123.253	14.900.000	15.441.974	1.286.833
Verkefnasamningur .....	8.914.238	8.900.000	9.746.581	9.000.000
Styrktarsjóður þjálfara .....	814.803	815.000	890.883	890.883
Afrekssjóður .....	2.679.776	2.500.000	3.271.880	3.300.000
Afreksform HSV .....	760.482	760.000	831.490	0
Hagnaðarhlutdeild í Lottó ÍSÍ .....	4.572.592	4.500.000	5.292.623	5.000.000
Hagnaðarhlutdeild í Lottó UMFÍ .....	8.606.838	8.500.000	9.238.164	9.500.000
Íslenskar Getraunir .....	869.739	850.000	1.192.153	1.200.000
Skattar aðildafélaga .....	659.850	650.000	578.100	650.000
Vaxtatekjur umfram gjöld .....				
Aðrir styrkir .....	0			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	645.986	600.000	790.432	730.000
Búnaðarsjóður .....	2.450.396	2.450.396	694.193	500.000
Framlag Ísafjarðarbæjar vegna Íbúða .....	8.381.034	8.400.000	8.971.618	8.000.000
	<b>67.169.358</b>	<b>68.325.396</b>	<b>69.412.454</b>	<b>45.254.511</b>

  

GJÖLD	Raun 2022	Áætlun 2023	Raun 2023	Áætlun 2024
Laun starfsmanna m/launat.gjöld .....	19.481.761	20.000.000	20.885.525	4.500.000
Íþróttaskóli 1-4 bekk .....	3.298.160	3.500.000	2.836.571	1.500.000
Annar kostnaður vegna íþróttaskóla .....	104.956	200.000	422.000	200.000
Verkefnasamningur .....	8.125.000	8.000.000	7.525.000	8.000.000
Rekstrarstyrkur til íþróttafélaga .....	16.727.556	18.499.206	16.685.389	18.500.000
Styrktarsjóður þjálfara .....	530.000	800.000	1.821.000	800.000
Afreksmannasjóður .....	3.790.000	2.500.000	2.750.000	2.500.000
Skrifstofubúnaður .....	29995	200.000	0	10.000
Tryggingar .....	576.190	576.190	576.190	576.190
Símakostnaður .....	243.520	230.000	200.000	50.000
Internet, heimasíða og kerfisleiga .....	218.348	250.000	208.130	250.000
Ritföng, pappír og prentun .....	95.617	80.000	93.689	95.000
Fundarkostnaður .....	301.897	300.000	210.000	300.000
Blóm og gjafir .....	0	10.000	0	10.000
Bókhaldskostnaður .....	667.926	650.000	873.271	650.000
Námskeið og kynningar .....	179.940	200.000	0	200.000
Ferðakostnaður og dagpeningar .....	169.809	200.000	278.876	200.000
Annar kostnaður .....	31.000	50.000	73.229	50.000
Húsaleiga og rekstur skrifstofu .....	928.707	930.000	1.094.532	275.000
Afreksform HSV/styrktaræfingar .....	527.000	750.000	422.000	750.000
Búnaðarsjóður .....		2.000.000	2.484.507	2.500.000
Íbúðarafnot aðildafélaga .....	8.381.034	8.400.000	8.971.618	8.000.000
	<b>64.408.416</b>	<b>68325396</b>	<b>68.411.527</b>	<b>45.416.190</b>

  

Hagnaður fyrir skatta .....	2.760.942	0		
-----------------------------	-----------	---	--	--

Leigja ský?